



## Skútustaðahreppur.

### Auglýsing um skipulag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með til kynningar skipulagslýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna fyrirhugaðrar vinnu við **deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis í Hlíð** í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi:

Skipulagssvæðið er um 8 ha að stærð og er sunnan og vestan flugvallar. Það afmarkast að norðan af flugvelli og hrauni, að austan af hlíðinni, að sunnan af túnnum og að vestan af hrauni.

Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að ná fram heildarsvip á svæðið en leyfa sérkennum þess og náttúru að njóta sín. Á svæðinu mun verða gert ráð fyrir gistihúsum, smáhýsum, tjaldsvæði, aðstöðu fyrir starfsmenn ásamt bílastæðum.

Í skipulagsáætluninni á að afmarka lóðir, lóðanotkun, tjaldsvæði, setja inn byggingareiti og skilgreina hvaða starfsemi fer fram á hverjum þeirra.

Skipulagslýsingin munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með miðvikudeginum 2. júlí til og með miðvikudeginum 23. júlí 2014. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: [http://www //myv.is undir /Stjórnsýslan/Skipulags- og byggingarmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu](http://www.myv.is/undir/Stjornsyslan/Skipulags-og-byggingarmal/Deiliskipulag/Tillogur%20i%20auglyssingu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við skipulagslýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn kostur til og með 23. júlí n.k. til að koma þeim á framfæri við skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps



## Frá Íþróttamiðstöð.

### Hugsaðu um húðina.

Vorum að fá sendingu af Proderm sólarvörn fyrir börn og fullorðna. Fullkomin vörn fyrir fólk með viðkvæma húð. Inniheldur ekki paraben og virkar einnig frábærlega sem rakakrem. Klístrast ekki og er mjög vatnspolin.

Kveðja, starfsfólk

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

23. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 2. júlí 2014

## Afmælisbörn dagana 3. júlí — 9. júlí 2014

3. Bergljót Friðbjarnardóttir.
5. Ásta Kathleen Price, Jón Reynir Sigurjónsson.
6. Hildur Ása Benediksdóttir, Sigurlína Ragúels.
7. Kristján Örn Sævarsson, Margrét Hildur Egilsdóttir.
8. Jóhanna Celina Jakobs.
9. Helgi Arnar Alfreðsson, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir.



## Tónleikar.

Föstudagskvöldið 4. júlí kl. 22:00 mun hin rómaða hljómsveit, Skuggamyndir frá Býsans skemmta gestum okkar.

Tónlist hljómsveitarinnar er heimstónlistarbræðingur sem hefur farið vel í unnendur góðrar tónlistar hér í sveit.

Allskonar tilboð framan af kvöldi.

Verið ávallt velkomin.

Bændur og búalið, Gamla Bistro.

## Er þér heitt?

Ef svo er þá er ég á leiðinni í sveitina eftir helgina og hef meðferðis tæki til viðgerðar á loftkælingum í bílum og hverskyns kælibúnaði.

Ef þú vilt fá þetta í lag hafðu þá samband í síma 894 2351 eða á [smari\\_82@hotmail.com](mailto:smari_82@hotmail.com)

Jón Smári Eypórsson.

## Sumartónleikar við Mývatn 2014

**Reykjahlíðarkirkja  
laugardaginn 5. júlí kl. 21:00.**

**Flytjendur:**

**Ingrid Karlsdóttir fiöla og Bjarni Frímann Bjarnason píanó.**

Ingrid og Bjarni eru í hópi ungra tónlistarmanna sem flytja fjölbreyttar stíltægundir tónlistar. Þau hófu bæði nám sitt eftir Suzuki aðferð, luku prófi frá Listaháskóla Íslands og hafa stundað framhaldsnám erlendis. Ingrid hefur m.a. leikið með Hjaltalín og Sigur Rós, Kammersveit Reykjavíkur og Kúbus. Bjarni hefur leikið með fjölmörgum tónlistarmönnum sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann stjórnar einnig SKARK strengjasveit sem flytur nýja tónlist. Efnisskrá þeirra er fjölbreytt; verk eftir J.S. Bach, Shostakovich og Peace Piece eftir Bill Evans.

Ingrid og Bjarni leika einnig á fyrstu sumartónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Reykjavík, þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30.

Aðgangur ókeypis.  
Verið velkomin.

28. starfsár.  
Listrænn stjórnandi:  
Margrét Boásdóttir.



### 8. Aðalskipulag, textabreyting og leiðrétting

Tekinn fyrir að nýju 2. liður fundargerðar skipulags- og umhverfisnefndar frá 2. júní s.l., breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Um er að ræða textabreytingu sem skilgreinir nánar hugtakið fullbyggt í greinargerð með aðalskipulaginu. Jafnframt eru gerðar smávægilegar leiðréttingar á texta aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir umræddar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

### 9. Deiliskipulag Sel-hótel

Tekinn fyrir að nýju 2. liður fundargerðar skipulags- og umhverfisnefndar frá 2. júní s.l. Skipulags- og umhverfisnefnd lagði til við sveitarstjórn að hún samþykkti deiliskipulagstillöguna þegar orðið hefði verið við þeim breytingum sem nefndin fór fram á. Innkomin ný gögn dags. 6. júní 2014 frá Mannviti, verkfræðistofu, þar sem brugðist hefur verið við breytingum sem skipulags- og umhverfisnefnd fór fram á.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið svo breytt, og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Yngvi Ragnar tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

### 10. Bréf frá Laufeyju Sigurðardóttur

Borist hefur bréf frá Laufeyju Sigurðardóttur vegna pylsuvagns á bílastæðinu við Höfða. Skipulagsfulltrúa falinn framgangur málsins í samræmi við umræður.

### 11. Deiliskipulag Reykjahlíð (jörð)

Tekið fyrir að nýju 5. liður fundargerðar skipulags- og umhverfisnefndar frá 2. júní s.l. Skipulags- og umhverfisnefnd óskaði eftir því í umfjöllun sinni að byggingarskilmálar yrðu gerðir ítarlegri en gerði ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna að öðru leyti. Innkomin ný gögn frá AVH, þar sem brugðist hefur verið við þeim breytingum sem skipulags- og umhverfisnefnd fór fram á.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagið svo breytt, og samþykkir jafnframt að auglýsa samhliða tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við deiliskipulagstillöguna. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna auglýsinganna eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Yngvi R. Kristjánsson,  
Jóhanna K. Þórhallsdóttir,  
Sigurður G. Böðvarsson,  
Guðrún Brynleifsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.

**Vinnuhópur um sorpmál:**

Böðvar Pétursson  
 Birgir Steingrímsson  
 Bergþóra Kristjánsdóttir (Grænavatni)

**Grenjaskyttur:**

Ingi Þór Yngvason  
 Gunnar Rúnar Pétursson

**Eldvarnareftirlitsnefnd m/Þingeyjarsveit:**

Lárus Björnsson **Til vara:** Kristján Steingrímsson

**Héraðsnefnd Þingeyinga:**

Yngvi Ragnar Kristjánsson **Til vara:** Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

**Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga:**

Yngvi Ragnar Kristjánsson **Til vara:** Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

**Aðalfundur Eyþings:**

Yngvi Ragnar Kristjánsson **Til vara:** Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir  
 Sveitarstjóri Guðrún Brynleifsdóttir

**Fjallskilastjóri:**

Birgir Hauksson

**Kjörstjórn:**

Finnur Baldursson **Til vara:** Elin Steingrímsdóttir  
 Friðrik Lange Jóhannesson **Til vara:** Hrafnhildur Geirsdóttir  
 Edda Stefánsdóttir **Til vara:** Þorlákur Páll Jónsson

**4. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, beiðni um tilnefningu í samstarfshóp um raforkumál á Norð-Austurlandi**

Með bréfi dags. 26. maí er óskað eftir sameiginlegri tilnefningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í samstarfshóp um raforkumál á Norð-Austurlandi. Erindinu er frestað.

**5. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 26. júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga sem haldinn verður fimmtudaginn 26. júní verður Böðvar Pétursson.

**6. Erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga**

Í viðhengi með tölvupósti eru drög að samstarfssamningi milli Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Norðurþings, sem verið hefur til skoðunar um tíma varðandi frekari nýtingu lágþita á svæðinu. Fram kemur að fundað hafi verið með Landsvirkjun sem sýnt hefur áhuga á að verða aðili að nefndum samningi. Einnig er áhugi á að öll þau þrjú sveitarfélög sem hafa yfir jarðhitaauðlindum að ráða verði beinir aðilar. Því er leitað eftir aðild Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að samningnum og sjónarmiðum varðandi inntak hans og efni. Áætlað er að hefja formlegt samstarf síðla sumars eða í haust og því mikilvægt að sem fyrst liggi fyrir hverjir eru með. Samþykkt að vísa erindinu til atvinnuálagnefndar.

**7. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, samningur**

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu þar til skilyrði Framkvæmdasjóðs vegna úthlutunarinnar liggur fyrir.



## Sumartónleikar við Mývatn 2014

### 28. starfsár.

**5. júlí - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.**  
 Ingrid Karlsdóttir, fiðla, Bjarni Frímann Bjarnason, píanó.

**12. júlí - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.**

**13. júlí - sunnudagur kl. 21:00 Skútustaðakirkja.**  
 Hlín Péturdóttir, sópran, Pamela de Sensi, flauta  
 Páll Eyjólfsson, gítar.

**19. júlí - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.**  
 Hallveig Rúnarsdóttir, sópran, Árni Heimir Ingólfsson, píanó.

**26. júlí - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.**  
 Corpo di Strumenti; Hélène Houzel, fiðla, Patrick Bismuth, fiðla  
 Steinunn A. Stefánsdóttir, selló, Mathurin Matharel, bassafiðla,  
 Brice Saily, semball.

**2. ágúst - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.**

**3. ágúst - sunnudagur kl. 14:00 "Kirkjan" í Dimmuborgum.**

**3. ágúst - sunnudagur kl. 21:00 Skútustaðakirkja.**  
 Guðrún S. Birgisdóttir, flauta, Martial Nardeau, flauta  
 Selma Guðmundsdóttir, píanó/orgel.

Klukkustund með klassískri og íslenskri tónlist.

Verið velkomin!

Aðgangur ókeypis

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir.

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

## 2. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 25. júní. 2014, kl 09:15.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Breytingar á samþykktum
3. Nefndarskipan
4. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, beiðni um tilnefningu í samstafshóp um raforkumál á Norð-Austurlandi
5. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 26. júní
6. Erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
7. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, samningur
8. Aðalskipulag, textabreyting og leiðrétting
9. Deiliskipulag Sel-hótel
10. Bréf frá Laufeyju Sigurðardóttur
11. Deiliskipulag Reykjahlíðar (jörð)

Til kynningar:

Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 12. júní

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. **Fundarsetning**  
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 11, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.
2. **Breytingar á samþykktum**  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi breytingar á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps.  
Fundartími sveitarstjórnar verður framvegis annan og fjórða miðvikudag í mánuði. Atvinnumálanefnd verður skipt upp í tvær nefndir, atvinnumálanefnd og landbúnaðarnefnd og skipulags- og umhverfisnefnd verður jafnframt skipt í tvær nefndir, skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

### 3. Nefndarskipan

**Skólanefnd:**

**Aðalmenn:**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, form.

Arnar Halldórsson

Harpa Barkardóttir

Þuríður Pétursdóttir

Einar Jónsson

**Varamenn:**

Arnfríður Anna Jónsdóttir

Marge Neissar

Sigurbjörn Reynir Björgvinsson

Friðrik Jakobsson

Þórhalla Bergey Jónsdóttir

**Félags- og menningarmálanefnd:**

**Aðalmenn:**

Elísabet Sigurðardóttir, form.

Sigurður G. Böðvarsson

Dagbjört Bjarnadóttir

Jóhanna Njálisdóttir

Ólafur Þ. Stefánsson

**Varamenn:**

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir

Sigurður Erlingsson

Agla Rögnvaldsdóttir

Ásta Kristín Benediktsdóttir

Þórunn Snæbjarnardóttir

**Umhverfisnefnd:**

**Aðalmenn:**

Arnheiður Rán Almarsdóttir, form.

Böðvar Pétursson

Bergþóra Kristjánsdóttir (Grænavatni)

Margrét Hólm Valsdóttir

Aðalsteinn Dagsson

**Varamenn:**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Arnþrúður Dagsdóttir

Sigurður Erlingsson

Helgi Héðinsson

Guðrún Brynleifsdóttir

**Atvinnumálanefnd:**

**Aðalmenn:**

Friðrik Jakobsson, form

Anton Freyr Birgisson

Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir

Arnþrúður Dagsdóttir

Bjarni Jónasson

**Varamenn:**

Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kristján Steingrímsson

Sigríður Jóhannesdóttir

Karl Emil Sveinsson

Hrafnhildur Geirsdóttir

**Skipulagsnefnd:**

**Aðalmenn:**

Helgi Héðinsson, form.

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Birgir Steingrímsson

Selma Ásmundsdóttir

**Varamenn:**

Margrét Hólm Valsdóttir

Hólmgeir Hallgrímsson

Karl Emil Sveinsson

Kristján Stefánsson

Elín Steingrímisdóttir

**Landbúnaðar- og girðingan.:**

**Aðalmenn.**

Böðvar Pétursson

Sólveig E. Hinriksdóttir

Halldór Árnason

**Varamenn:**

Sigurður G. Böðvarsson

Egill Freysteinnsson

Ingibjörg Björnsdóttir